



HÁSKÓLI ÍSLANDS

 Siðfræðistofnun

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík.

Umsögn: Frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með síðari breytingum (útvíkkun gildissviðs o.fl.).

Siðfræðistofnun styður frumvarpið í meginatriðum. Með þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér eru uppfyllt skilyrði sem gera íslenskum stjórnvöldum kleift að fullgilda sáttmála Evrópuráðsins um aðgang að opinberum skjölum. Í frumvarpinu er brugðist við ábendingum starfshóps forsætisráðherra um eflingu trausts á stjórnámálum og stjórnsýslu, sem og ábendingum GRECO, samtaka ríkja Evrópuráðsins gegn spillingu. Jákvæð skref eru stigin í þá átt að skerpa á frumkvæðisskyldu ráðuneyta um birtingu upplýsinga úr málaskrá auk þess sem reglur um málshraða við afgreiðslu beiðna um aðgang að upplýsingum eru skýrðar. Þá er jákvætt að gert sé ráð fyrir því að trúnaður geti ríkt um ráðgjöf innan stjórnsýslunnar vegna túlkunar síðaregina. Loks er lagt til að komið verði á fót sérstöku starfi ráðgjafa um upplýsingarétt almennings.

Hlutverk ráðgjafa um upplýsingarétt er þýðingarmikið og vel skýrt í frumvarpinu. Kveðið er á um að ráðgjafi sé óháður fyrirmælum ráðherra enda þótt starfið heyri undir forsætisráðuneyti, sem felur í sér að ráðherra hafi rúmt ákvörðunarvald um fyrirkomulag starfsins. Það er ljóst að hlutverk ráðgjafa um upplýsingarétt hefði meira vægi og myndi betur styðja við þau markmið sem sett eru fram í 1. gr. laganna (m.a. um að styrkja traust almennings á stjórnsýslunni), væri um sjálfstætt embætti að ræða. Hins vegar er það gilt sjónarmið, sem sett er fram í greinargerð, að eftir eigi að koma í ljós hvert umfang starfsins kemur til með að vera og því gert ráð fyrir að reglur um það geti tekið breytingum. Segja má að það væri í anda markmiða frumvarpsins að setja ákveðnari ramma um slíka endurskoðun og jafnvel tímaáætlun.

Ákvæði sem miða að styttingu málsmeðferðartíma fela í sér góð skref, sem þó eru nokkuð varfærin í samanburði við reglur sem gilda á öðrum Norðurlöndum. Í því ljósi væri hægt að setja metnaðarfyllri markmið. Í greinargerð með frumvarpinu er hins vegar gengið út frá því að venjulegur afgreiðslutími verði mun styttri en tilgreint hámark segir til um. Þá vekur athygli að hámarks málsmeðferðartími úrskurðarnefndar um upplýsingamál verði 150 dagar, sem er mun rýmra en þeir 90 dagar sem forsætisráðuneytið hefur gefið út að sé æskilegt markmið í tengslum við vinnu að bættari umgjörð um úrskurðarnefndina. Þar koma fram fyrirheit um að stefnt sé að metnaðarfyllri markmiðum. Eftir sem áður eru það ákvæði laganna sem ákvarða réttindi borgara um rétt til málsmeðferðartíma en ekki fyrirheit sem tilgreind eru í greinargerð. Þó má segja að með frumvarpinu séu tekin markviss skref í átt að skýrum markmiðum. Í því sambandi er

tilkoma starfs ráðgjafa um upplýsingarétt almennings mikilvæg, enda mun því m.a. fylgja það hlutverk að fylgja slíkum markmiðum eftir.

Siðfræðistofnun styður frumvarpið og gerir ekki frekari athugasemdir við einstakar greinar þess.

Fyrir hönd Siðfræðistofnunar,

Virðingarfyllst,



Páll Rafnar Þorsteinsson,

Verkefnisstjóri